

129
3. okt.

TILSKIPUN

um manntal árið 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að með því að 1. desember er nú almennt skoðaður sem hátíðisdagur hér á landi og hann ber í ár upp á sunnudag, og því þykir óheppilegt að láta allsherjar manntal fara fram þann dag, fyrirskipar ráðuneytið svo, samkvæmt 1. gr. laga nr. 4 18. maí 1920:

1. gr.

Almennt manntal skal taka um land allt 2. desember 1940.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

130
3. okt.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Húsnæði til íbúðar mun nú í Reykjavík og jafnvel í fleiri kaupstöðum og kauptúnunum í landinu vera af svo skornum skammti, að ekki má rýra það frekar en óhjákvæmilegt er. Stafar þessi húsnæðisskortur sumpart af því, að ekki hefir verið reist nálægt því eins mikið af nýjum íbúðarhúsum á þessu ári og venja er til, vegna hækkunar á verði byggingarefnis og erfiðleikum á útvegum þess, og sumpart af því, að eftirspurn eftir húsnæði hefir verið meiri en tíðkæzt hefir, þegar ekki hefir verið um neitt óvenjulegt ástand í landinu að ræða, og því ekki þurft húsnæði umfram eðlilega fólksfjölgun. Hefir félagsmálaráðherrann í þessu sambandi bent á það, að nokkur hæfta sé á því, að meira eða minna af húsnæði því í kaupstöðum og kauptúnunum, sem nú er notað til íbúðar, kynni að verða tekið til annarrar notkunar, þannig, að íbúðarhúsnæði rýrist við það. Jafnframt hefir hann bent á það, að ekki sé útilokað, að einhverjar íbúðir kunni að standa auðar, en slíkt er óviðunandi, ef húsnæðisekla reynist tilfinnanleg. Til þess að koma í veg fyrir rýrnun á íbúðarhúsnæði af framantöldum ástæðum, telur ráðherrann nauðsynlegt, að sett verði þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og fellst ráðuneytið út af því á, að setja í þessu skyni bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

130

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. okt.

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kaптúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innan-héraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

AUGLÝSING

131

um samkomulag um að íslensk skip og vörur skuli njóta beztu kjara í Bandaríkjum Ameríku og gagnkvæmt.

25. okt.

Í samræmi við erindi, er farið hafa á milli ræðismanns Bandaríkja Ameríku á Íslandi og utanríkismálaráðuneytisins, dags. 12. og 17. sept. 1940, hefir forseti Bandaríkjanna þann 30. s. m. birt tilkynningu þess efnis, að engin aukagjöld skuli krafín af íslenskum skipum, né vörum fluttum með þeim, í Bandaríkjum Ameríku frá 13. sept. 1940 að telja, enda gildi sama af Íslands hálfu gagnvart skipum Bandaríkjanna og vörum fluttum með þeim.

Utanríkismálaráðuneytið, 25. október 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.